



Dags. 02.05.2025
One nr: 25033107
25033126
25033128
25033103

Umsögn skipulagsfulltrúa

Heiti: Flóttamannavegur innan Garðabæjar

Efni: Ýmsar breytingar á deiliskipulagsáætlunum

Forsendur máls

Dags. 27. mars 2025 barst umsagnarbeðni frá Garðabær þar sem óskaði er eftir umsögn Kópavogsbæjar um fjögur skipulagsverkefni sem fjalla um fyrirkomulag Flóttamannavegar innan Garðabæjar. Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar 14. apríl 2025 var umsagnarbeðni vísað til verkefnastjóra aðalskipulags.

Um er að ræða fjórar breytingar á deiliskipulagi, sem eru eftirfarandi:

1. Deiliskipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum, deiliskipulagsbreyting Flóttamannavegur, nr. 0375/2025
2. Urriðaholtsstræti 1-7 - Urriðaholt Norð.- 4. áfanga, nr. 0388/2025.
3. Urriðaholt Norðurhluti 4. áfangi, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur, nr. 0386/2025:
4. Urriðaholt Austurhluti, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur, nr. 0376/2025.

Breytingarnar felast helst í því að:

- Mörkum skipulagssvæðis og leiðbeinandi legu stíga er breytt. Ný útivistarleið er afmörkuð innan golfvallarsvæðis. (1)
- Atvinnuhúsnæði er breytt í íbúðir og við bætast 32 íbúðir. Að öðru leyti fjallar tillagan ekki um Flóttamannaveg. (2)
- Gatnamótum Urriðaholtsstrætis og Flóttamannavegar breytt úr t-gatnamótum í hringtorg. Gönguþverun er áfram norðan gatnamótanna. (3)
- Gatnamótum Holtsvegar og Flóttamannavegar breytt þannig að vinstri beygjur verða óheimilar. (3)
- Gatnamótum við innkeyrslu á Urriðavelli breytt úr t-gatnamótum í hringtorg. Gönguþverun við gatnamótin verður áfram í undirgöngum. (3)
- Flóttamannavegur breikkaður og tekin út gönguþverun. Í staðin fyrir hana er gert ráð fyrir að fólk nýti gönguþverun sunnan við skipulagsmörk, á gatnamótum Urriðaholtsstrætis sem lýst var hér að undan (4)

Virkt samstarf er á milli Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðar um fyrirkomulag vegtenginga milli sveitarfélaganna og hafa sveitarfélögin átt gott samráð um fyrirkomulag Flóttamannavegar hingað til og munu gera áfram.

Umsögn Kópavogsbæjar

Fjölgun íbúða

Á síðustu árum hefur skipulagi í Urriðaholti verið breytt með það fyrir augum að fjölga íbúðum á svæðinu. Einnig hefur íbúðum í Vífilssstaðalandi/Hnoðraholti verið fjölgað á síðustu árum. Það á við um eina þeirra breytinga sem hér um ræðir (2) þar sem íbúðum er fjölgað um 32. Kópavogsbær bendir á að þessi og aðrar breytingar eru líklegar til að fjölga ferðum um Flóttamannaveg og Elliðavatnsveg með tilheyrandi áhrifum á umferð um hverfi Kópavogsbæjar.



Hönnun vegar

Deiliskipulagstillaga (4) felur í sér breikkun vegarins. Í minnisblaði¹ sínu bendir VSÓ á að „breikkun vegar leiðir óhjákvæmilega til aukins aksturshraða óháð skiltuðum hámarkshraða“.

Ætla má að sambærileg breidd verði á veginum í gegnum svæðið. Kópavogsbær leggur áherslu á að breidd og hönnun vegar stuðli að því að takmarka hraða og að stuðlað verði að umferðaröryggi á og við veginn, ekki síst fyrir óvarða vegfarendur. Í minnisblaði VSÓ frá 9. maí 2023 kemur fram að þau telji að „breiðari vegur muni leiða til aukins hraða og þar með aukinni eftirspurn ökutækja, og aukinni gegnumstreymisumferð um Vatnsendaveg og Vífilsstaðahverfið. Breiðari vegur mun þar með hafa neikvæð áhrif á hljóðvist og ásýnd“. Þá bendir VSÓ á að „æskilegra væri, í ljósi þess hversu vinsælt svæðið er til útivistar og hjólríða, að leita leiða til að ná fram bættu öryggi á þeim kafla þar sem slysatíðnin er mest, án þess að breikka veginn“.

Þar sem vegurinn liggur í gegnum vinsælt útivistarsvæði leggur Kópavogsbær áherslu á að hjólastígar verði meðfram Flóttamannavegi. Algengt er að hjólríðafólk fari um veginn og til að auka umferðaröryggi er mikilvægt að góðir hjólastígar verði meðfram. Í minnisblaði frá 9. maí 2023 bendir VSÓ á að fólk á reiðhjólum velji að hjóla veginn sjálfan vegna þess að umferð sé ekki of hröð. Ef umferð um veginn verður hraðari breytast forsendur og mögulega velur hjólríðafólk síður að hjóla veginn. Ef umferð um veginn verður hraðari er mikilvægt að hjólastígar verði meðfram til að koma til móts við þetta.

Áhrif á umferð innan Kópavogs

Breytt hönnun og breyttar tengingar við Flóttamannaveg hafa áhrif á umferð innan Kópavogsbæjar. Í dag er Urriðaholt ekki tengt við Flóttamannaveg með formlegum hætti. Með því að tengja Urriðaholt við veginn eykst umferð um veginn með tilheyrandi aukningu á umferð um Kópavogsbæ.

Með því að breikka veginn og hanna hann miðað við að skiltaður hraði verði 50 km/klst mun eftirspurn ökutækja eftir veginum aukast og gegnumstreymi þar með, skv. minnisblaði VSÓ frá 9. maí 2023, og þar með muni umferð um hverfi Kópavog aukast.

Í minnisblaði sem Efla vann fyrir Garðabæ² kemur fram að með því að breikka veginn og auka umferðarhraða sé verið að léttu á umferð í innra gatnakerfi Urriðaholts og Vífilsstaða. Í minnisblaði frá 9. maí 2023 vísar VSÓ í minnisblað Eflu og veltir upp þeim möguleika að með því að draga úr umferð um hverfi í Garðabæ sé verið að auka umferð í gegnum önnur hverfi, og þannig um íbúðahverfi innan Kópavogsbæjar.

Frá því að Garðabær tók ákvörðun um að fella út tengingu Vífilsstaðavegar við Leirdalsop, sbr. breytingu á aðalskipulagi vegna rammahluta Vífilsstaðalands dags. 17.03.2021, hefur Kópavogsbær haft áhyggjur af því að sú breyting verði til þess að gegnumstreymisumferð aukist. Vegna þess og þeirra þátta sem eru nefndir hér að framan leggur Kópavogsbær áherslu á eftirfarandi mótvægisáðgerðir:

- Lögð er áhersla á hönnun og útfærslu gatnamóta Elliðavatnsvegar, Vatnsendavegar og Rjúpnavegar.
- Skoða ætti leiðir til að takmarka gegnumstreymisumferð um Vatnsendaveg eftir gatnamót við Rjúpnaveg, sérstaklega milli Hörðuvallaskóla og Kórsins.
- Beina umferð á Reykjanesbraut og Arnarnesveg.

¹ Minnisblað VSÓ um áhrif skipulagsbreytinga Garðabæjar á umferð í Kópavogi. Breytingar á skipulagi Elliðavatnsvegar. Dags. 9. maí 2023.

² Minnisblað Eflu. Vífilsstaðahraun – skoðun á Elliðavatnsvegi. Dags. 14. mars 2023.



Kópavogsbær leggur áherslu á að sú aukna umferð sem reikna má með verði beint þannig að dregið verði úr gegnumstreymisumferð um Vatnsendaveg þar sem mögulegt er og að umferð verði við fyrsta tækifæri beint um Arnarnesveg og Reykjanesbraut, sem geta betur tekið við umferð en Vatnsendavegur. Til þess þarf að skoða hvort ástæða sé til að endurhanna gatnamót Vatnsendavegar og Rjúpnavegar og hvort gera þurfi breytingu á Rjúpnavegi. Einnig ætti að skoða hvort að gera ætti breytingu á vegsvæði Vatnsendavegar milli Hörðuvallaskóla og Kórsins til að draga úr umferð eða eftir atvikum lækka hraða um svæðið.

Til að koma til móts við þá umferðaraukningu sem er líkleg til að verða leggur Kópavogsbær áherslu á að góð tenging sé frá Flóttamannavegi um Vífilsstaðaveg til að leiða hluta umferðar inn á Reykjanesbraut. Þannig er mögulegt að draga að einhverju leyti úr gegnumstreymisumferð um Kópavogsbæ.

Þá leggur Kópavogsbær áherslu á að þær breytingar sem skipulagsáætlanir gera ráð fyrir verði keyrðar í gegnum samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins svo hægt verði að koma auga á möguleg neikvæð áhrif sem breytingar kunna að hafa og skoða í framhaldinu hvaða mótvægisáðgerðir geti komið til.

Eldri umsagnir og greiningar um Flóttamannaveg

Kópavogsbær minnir á fyrri umsagnir Kópavogsbæjar og minnisblöð sem hafa verið gerðar varðandi þróun Flóttamannavegar. Þar á meðal eru:

- Umsögn Kópavogsbæjar um Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Tillaga að breytingu á Vífilsstaðarlandi, þróunarsvæði B. Dags 2. September 2020.
- Minnisblað VSÓ um áhrif skipulagsbreytinga Garðabæjar fyrir umferð í Kópavogi. Breyting á skipulagi í Hnoðraholti og Vetrarmýri. Dags. 10. ágúst 2020.
- Minnisblað Kópavogsbæjar varðandi tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar. Dags. 10. maí 2023.
- Minnisblað VSÓ um áhrif skipulagsbreytinga Garðabæjar á umferð í Kópavogi. Breytingar á skipulagi Elliðavatnsvegar. Dags. 9. maí 2023.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa

Kópavogsbær gerir ekki athugasemd við tillögur að deiliskipulagsáætlunum en bendir á eftirfarandi:

- Kópavogsbær óskar eftir að þær breytingar sem deiliskipulagsáætlanir heimila verði keyrðar í gegnum samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins, m.a. til að skoða áhrif á umferð í Kópavogsbæ.
- Kópavogsbær leggur áherslu á að góð vegtenging verði frá Flóttamannavegi um Vífilsstaðaveg við Reykjanesbraut.
- Mikilvægt er að farið verði í mótvægisáðgerðir til að draga úr gegnumstreymisumferð um íbúðahverfi Kópavogsbæjar.
- Að hönnun vegarins stuðli að því að ekki verði hröð umferð um vegin, til að stuðlað sé að öryggi vegfarenda og til að draga að einhverju leyti úr eftirspurn eftir veginum.
- Kópavogsbær leggur áherslu á að hjólastígur verði meðfram veginum.

Andrea Kristinsdóttir verkefnastjóri aðalskipulags

F.h. skipulagsfulltrúa

